

Hafnarfjarðarkaupstaður
Anne Steinbrenner
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Garðabær, 17. október 2023
Málsnúmer: 202309-0031
IAS

Efni: Umsögn um lýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna iðnaðarsvæðis I4

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 19. september síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi vegna iðnaðarsvæðis I4.

Fyrirhugað er að stækka iðnaðarsvæði I4 inn á óbyggt svæði til austurs vegna stækkunar lóðarinnar Álhelli 1. Stærð skipulagssvæðis er um 75 ha en stærð þess svæðis þar sem landnotkunin breytist úr óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði er 1,2 ha.

Lóðin er á mótum nútímahrauna sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Um er að ræða Kapelluhraun, sem rann á árunum 1151-1188 og Skúlatúnshraun sem er á bilinu 1100-4000 ára gamalt. Lóðin er að mestu á Kapelluhrauni en stækkunin nær aðeins inn á Skúlatúnshraun.

Báðum hraununum hefur verið raskað að einhverju leyti á því svæði sem stækkunin nær yfir og er verndargildi þeirra þar því lágt. Gróður á lóðinni er að mestu flokkaður sem þéttbýli og annað raskað land en stækkunin nær út á land þar sem er eyðihraunavist og mosahraunavist.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að áhrif breytinganna á jarðminjar og gróður verði óveruleg.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

